

PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING VEGNA MIÐLUNAR UPPLÝSINGA UM KÍLÓMETRASTÖÐU OG TÍMASTIMPLA AF HÁLFU VOLKSWAGEN GROUP INFO SERVICES AG FYRIR FÓLKSBÍLA FRÁ VOLKSWAGEN (MILEAGE 3.0 sem kallaðist áður Pay As You Drive 2.0 (PAYD))

Með þessari persónuverndaryfirlýsingu veitum við þér upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga þinna hjá Volkswagen Group Info Services AG.

Volkswagen Group Info Services AG gegnir hlutverki miðlægs tengipunkts fyrir akstursgögn fyrir ýmis vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar. Það felur í sér að miðlun akstursgagna þinna til tryggingafélags að þínu vali fer fram með miðlægum hætti hjá okkur.

A. Ábyrgðaraðili fyrir vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni

Ábyrgðaraðili vegna vinnslu persónuupplýsinga þinna er Volkswagen Group Info Services AG. Þú getur skrifað okkur á eftirfarandi heimilisfang:

Volkswagen Group Info Services AG

Berliner Ring 2

38440 WOLFSBURG GERMANY

gis-support@cariad.technology

Skráð í fyrirtækjaskrá undir númerinu HRB 207876 (hjá héraðsdómstól í Braunschweig)

Vefsvæði: <https://drivesomethinggreater.com>

B. Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi okkar er tengiliður þinn vegna alls sem tengist persónuvernd. Senda skal fyrirspurnir til:

Datenschutzbeauftragter der Volkswagen Group Info Services AG

Berliner Ring 2

38440 WOLFSBURG

ÞÝSKALANDI

gis-privacy@cariad.technology

C. Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga

Volkswagen Group Info Services AG miðlar upplýsingum um kílómetrastöðu og tímastimpla fyrir fólksbílinn þinn frá Volkswagen til tryggingafélags að þínu vali. Þessi miðlun upplýsinga fer fram til þess að þú getir nýtt þér „MILEAGE 3.0“-tryggingataxta sem þú hefur samið um við tryggingafélagið þitt. Volkswagen Group Info Services AG tekur við upplýsingum um kílómetrastöðu og tímastimpla frá Volkswagen-bílnum þínum og miðlar þeim síðan tæknilega áfram til tryggingafélags að þínu vali (B2C-þjónustuveitanda).

D. Flokkar persónuupplýsinga

Volkswagen Group Info Services AG tekur á móti eftirfarandi persónuupplýsingum frá Volkswagen AG (Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg) og miðlar þeim áfram til tryggingafélagsins sem þú hefur gert samning við:

- kílómetrastöðu,
- tímastimplum,
- verksmiðjunúmeri bílsins

Frá þjónustuveitandanum sem þú hefur gert samning við fær Volkswagen Group Info Services AG samningsnúmer/-skjöl fyrir samninginn milli þjónustuveitandans og þín, svo tryggt sé að Volkswagen Group Info Services AG miðli ofangreindum upplýsingum eingöngu ef fyrir liggur gildandi samningur milli þjónustuveitandans og þín.

E. Lagagrundvöllur

Eftirfarandi lagagrundvöllur er fyrir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við vöruna frá Volkswagen Group Info Services AG:

- Nauðsyn þess að efna samning um MILEAGE 3.0-tryggingataxta sem þú (b-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar) gerðir við tryggingafélag að þínu vali.
- Lögmætir hagsmunir Volkswagen Group Info Services AG (f-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar).

Volkswagen Group Info Services AG gegnir hlutverki miðlægs tengipunkts vegna miðlunar akstursgagna fyrir ýmis vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar og hefur lögmæta hagsmuni af því að miðla gögnum sem vörumerki innan Volkswagen-samstæðunnar senda til viðurkenndra B2C-þjónustuveitenda með miðlægum hætti í gegnum gagnamiðstöð okkar (<https://drivesomethinggreater.com/>).

Jafnframt fer vinnsla vegna annarra sem kunna að nota bílinn (ef viðkomandi er skráður inn sem aðalnotandi) – ef við fáum með einhverjum hugsanlegum hætti vitneskju um það – fram á grundvelli lögmætra hagsmuna samkvæmt f-lið 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

F. Viðtakendur upplýsinga

Upplýsingarnar þínar eru afhentar eftirtöldum viðtakendum í ofangreindum tilgangi:

- tryggingafélagi að þínu vali;
- [ef við á] vinnsluaðilum valda tryggingafélagsins;
- vinnsluaðilum Volkswagen Group Info Services AG.

G. Uppruni upplýsinga

Við fáum upplýsingarnar þínar frá Volkswagen AG, Berliner Ring 2, 38440 Wolfsburg og frá þjónustuveitandanum sem þú gerðir samning við.

H. Geymslutími

Volkswagen Group Info Services AG geymir aldrei persónuupplýsingar þínar. Sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingum þínum frá viðkomandi vörumerki tæknilega til tryggingafélagsins sem þú hefur gert samning við. Upplýsingunum er því eingöngu miðlað áfram án þess að þær séu geymdar hjá okkur.

Vegna varðveisluskyldu samkvæmt verslunar- og skattarétti sem og vegna persónuverndarlöggjafar (ábyrgðarskyldu) varðveitir Volkswagen Group Info Services AG eingöngu með vörðum hætti upplýsingar um að til tiltekins viðtakanda hafi verið miðlað upplýsingum vörunnar „MILEAGE 3.0“ (sjá lið D.) fyrir tiltekið verksmiðjunúmer bíls án þess að vista sjálft tilteknu upplýsingarnar um kílómetrastöðu sem miðlað var áfram (sjá lið D.).

Samningsnúmer/-skjöl og verksmiðjunúmer bílsins eru vistuð í að hámarki fjögur ár eftir að samningurinn við viðkomandi aðila fellur úr gildi.

I. Réttindi þín

Þú getur hvenær sem er nýtt þér réttindi þín gagnvart Volkswagen Group Info Services AG þér að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar um hvernig þú getur neytt réttar þíns er að finna á vefsvæðinu <https://drivesomethinggreater.com/legal-notice/privacy-notice/data-hub>.

Réttur til aðgangs að upplýsingum

Þú hefur rétt til aðgangs að upplýsingum, þ.e. að óska eftir því að fá staðfestingu á því hvort við vinnum úr persónuupplýsingum sem varða þig og þá hvaða persónuupplýsingar er um að ræða sem og til að fá upplýsingar um til hvaða aðila persónuupplýsingum þínum hefur verið miðlað. Þú hefur jafnframt ávallt rétt á að fá frá okkur afrit af þeim persónuupplýsingum sem við höfum unnið með. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu tæknilega áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til leiðréttingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að við leiðréttum viðkomandi rangar eða ófullnægjandi persónuupplýsingar. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til eyðingar

Þú hefur rétt á að fara fram á að viðkomandi persónuupplýsingum sé eytt, að uppfylltum skilyrðum 17. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þú getur þá til dæmis farið fram á að upplýsingunum sé eytt ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í þeim tilgangi sem lá að baki söfnun þeirra. Þú getur einnig farið fram á að persónuupplýsingum þínum sé eytt ef vinnsla okkar á upplýsingunum byggist á samþykki þínu og þú dregur samþykki þitt til baka. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til takmörkunar á vinnslu

Þú hefur rétt á að fara fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna verði takmörkuð þegar skilyrði 18. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar eiga við. Um slíkt er meðal annars að ræða þegar þú vefengir að persónuupplýsingarnar sem við vinnum með séu réttar. Þú getur farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð þar til staðfest hefur verið að þær séu réttar. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Réttur til að flytja eigin gögn

Ef vinnsla persónuupplýsinga byggist á samþykki eða samningsefndum og er jafnframt sjálfvirk hefur þú rétt á að fá persónuupplýsingarnar á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og senda þær til annars ábyrgðaraðila. Þú hefur einnig rétt á að fara fram á að við sendum persónuupplýsingar þínar beint til annars ábyrgðaraðila. Við vekjum athygli á því að sem miðlægur tengipunktur fyrir akstursgögn frá ýmsum vörumerkjum innan Volkswagen-samstæðunnar miðlar Volkswagen Group Info Services AG upplýsingunum eingöngu áfram en vistar þær ekki sjálft (sjá lið H.).

Andmælaréttur

Svo fremi sem vinnsla okkar á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna hefur þú rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinganna vegna sérstakra aðstæðna þinna. Ef andmæli þín eiga við um vinnslu persónuupplýsinga í þágu beinnar markaðssetningar getur þú nýtt þér almennan andmælarétt sem við munum virða án þess að tilgreina þurfi ástæður.

Réttur til að draga samþykki til baka

Ef vinnsla persónuupplýsinganna byggist á samþykki hefur þú rétt á að draga samþykki þitt til baka hvenær sem er með framvirkum hætti, þér að kostnaðarlausu, með því að senda tölvupóst á gis-support@cariad.technology.

Ábending í samræmi við 11. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar

Við vekjum athygli á því að við sem Volkswagen Group Info Services AG getum í mörgum tilvikum ekki persónugreint aðra notendur eða aðalnotendur bílsins og samkvæmt 11. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar er okkur ekki skylt að afla eða vinna viðbótarupplýsingar til að persónugreina skráðu einstaklingana.

Þegar þú neytir réttar þíns gagnvart okkur þurfum við að ganga úr skugga um að þú teljist vera skráður einstaklingur í skilningi almennu persónuverndarreglugerðarinnar og kunnum því að óska eftir frekari upplýsingum frá þér. Þannig er jafnframt tryggt að við brjótum ekki gegn réttindum þriðja aðila þegar við afhendum persónuupplýsingar.

Sjálfvirk ákvarðanataka

Ekki fer fram sjálfvirk ákvarðanataka samkvæmt 22. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Réttur til að leggja fram kvörtun

Þú hefur jafnframt rétt á að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldi vegna vinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum. Volkswagen Group Info Services AG heyrir undir eftirfarandi eftirlitsyfirvald:

Der Landesbeauftragte für den Datenschutz Niedersachsen,

Prinzenstraße 5,

30159 Hannover,

poststelle@lf.niedersachsen.de.

Útgáfa frá ágúst 2025